

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur um skaðabótakröfur vegna úthlutunar á heimildum til veiða á makríl.

1. *Hversu margar útgerðir hafa kafið íslenska ríkið um skaðabætur vegna úthlutunar á heimildum til veiða á makríl í kjölfar tveggja dóma Hæstaréttar frá 6. desember 2018 og hvaða útgerðir eru það?*

Hér er um að ræða sjö aðila; Eskju hf., Gjögur hf., Hugin ehf., Ísfélag Vestmannaeyja hf., Loðnuvinnsluna hf., Skinney – Þinganes hf. og Vinnslustöðina hf.

2. *Til hvaða ára ná skaðabótakröfurnar?*

Kröfur félaganna ná til annars vegar árána 2011–2014, sem er það tímabil sem fjallað var um í tilvísuðum dómum Hæstaréttar frá 6. desember 2018, og hins vegar tímabilsins 2015–2018. Frá og með makrílvertíð 2019 fór um aflaheimildir í makríl samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/2019 um breytingar á lögum vegna veiðistjórnar á makríl.

3. *Um hversu miklar aflaheimildir er að ræða hjá hverri útgerð fyrir sig, á hverju ári og samtals?*

4. *Hver er skaðabótakrafa einstakra útgerða á hverju ári og samtals?*

Þessum spurningum verður svarað sameiginlega. Hér á eftir er gefið yfirlit um hvern aðila um sig. Í efri dálki (A) er greind meint skerðing aflaheimildar á hverju ári um sig í þúsundum kílógramma (tonnum) samkvæmt stefnukröfu. Þar er tekið mið af áhrifum úthlutunar á önnur skip hlutaðeigandi og áhrifum viðskipta með aflaheimildir (fiskiskip) milli útgerða. Í næsta dálki (B) er greint frá hæð fjárkröfu samkvæmt stefnu vegna hvers árs um sig (milljónir króna). Samtölur eru í aftasta dálki. Þessu til viðbótar er krafist hæstu mögulegu vaxta. Er svo litið á að setning reglugerðar um stjórn makrílveiða á hverju ári um sig teljist hinn bóta-skyldi atburður sem marki upphaf vaxtakröfu í hvert sinn. Auk þess er krafist dráttarvaxta frá þingfestingu.

Eskja hf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	3.951	3.375	2.766	3.709	4.497	4.099	4.095	3.207	29.699
B	387	173	185	227	196	255	319	310	2.052

Gjögur hf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	1.991	1.139	928	1.294	1.461	1.587	1.057	833	10.290
B	97	35	37	5	34	47	31	42	328

* Stefnukrafa félagsins er hærri en þetta þar sem jafnframt er krafist bóta vegna kostnaðar við að leigja aflaheimildir á árunum 2015–2018, sem var hærri en nam áætluðu framlegðartapi sömu ára vegna skertrar hlutdeildar. Nemur heildarkrafa félagsins að þessu virtu 364 millj. kr.

Huginn ehf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	2.655	2.230	1.821	2.441	3.080	2.831	2.805	2.210	20.073
B	190	88	89	66	63	116	107	119	839

Ísfélag Vestmannaeyja hf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	5.800	4.994	4.085	5.490	6.660	6.097	6.067	4.780	43.973
B	665	392	433	558	492	448	462	437	3.888

Loðnurvinnslan hf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	1.527	1.378	1.128	1.526	1.878	1.594	1.590	1.234	11.855
B	149	148	54	164	167	139	105	109	1.034

* Gerð er varakrafa í málinu að fjárhæð 703 millj. kr. sem að nokkru leyti er reist á kostnaði við öflun viðbótaraflaheimilda.

Skinney – Þinganes hf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	1.359	1.849	1.679	2.465	2.709	2.480	1.827	1.510	15.878
B	97	117	84	181	140	157	120	136	1.033

Vinnslustöðin hf.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
A	1.302	1.769	1.307	1.651	2.609	2.344	2.264	1.784	15.031
B	116	107	84	154	86	149	124	162	982

5. *Hvaða forsendur liggja fyrir útreikningi bótafjárhæðar hvernar útgerðar fyrir sig?*

Meðal framlagðra gagna með öllum stefnum er samantekt endurskoðunarskrifstofu þar sem reiknuð er svonefnd jaðarframlagð í rekstri hlutaðeigandi félags á hverju ári á hvert kílógramm makrílafra (fiskveiðar og í einhverjum tilvikum vinnsla í landi og jafnvel söluskrifstofur). Þessar samantektir eru lagðar til grundvallar í stefnu.